

Nd.

## 81. Frumvarp til laga

um, að ákvæði samnings frá 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

### 1. gr.

Meðan samningur sá, er undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 7. október 1946 við Bandaríki Ameríku um niðurfelling hverndarsamningsins frá 1941 o. fl., er í gildi, skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekju-skatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenska löggjöf, hafa lagagildi hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara atriða má setja í reglugerð.

### 2. gr.

Nú eru vörur þær, sem verða tollfrjálsar eftir 1. gr. laga þessara, sbr. 9. lið samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., seldar, látnar í skiptum eða gefnar án þess að þær hafi áður sætt venjulegri tollafgreiðslu, og skulu þá þeir, sem slíkt gera, sæta refsingum þeim, sem ákveðnar eru í 36. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Sömu refsingu skulu þeir og sæta, sem kaupa, taka í skiptum, þiggja eða taka að sér að selja slíkar vörur og þeir vita eða mega vita eftir öllum atvikum að dæma, að eru ótollafgreiddar. Þá er og heimilt að gera upptækar handa ríkissjóði vörur, sem hafa gengið þannig manna á milli án undanfarandi tollafgreiðslu.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

### Um 1. gr.

Í samningnum við Bandaríkin frá 7. október 1946 eru stjórn Bandaríkjanna heimiluð tiltekin afnot af flugvælinum í Keflavík, gert ráð fyrir tollfrelsi fyrir ákveðnar vörur og skattfrelsi fyrir tekjur þess starfsliðs Bandaríkjanna, sem kemur til að dvelja á vælinum. Til þess að þessi réttindi samrýmist íslenskri löggjöf og fái hér lagagildi, þarf að breyta hlutaðeigandi íslenskum lögum í samræmi við þetta. Hefði ef til vill verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum lögum, sem samningurinn snertir, í samræmi við hann, en þar eð sú aðferð yrði of umsvifamikil, er hér farin sú leið að breyta með einum lögum þeim ákvæðum íslenskra laga, sem samningurinn snertir. Þá þótti rétt að binda lögin aðeins við þau atriði, sem varða íslenska löggjöf, en ekki að lögfesta samninginn í heimild, eins og t. d. var gert í lögum nr. 33/1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

### Um 2. gr.

Í 9. lið samningsins frá 7. október 1946 segir, að eigi skuli leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt samningnum, eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins. Eftir þessum lið samningsins, sem ætlazt er til, að verði lögfestur með samþykkt þessa frumvarps, er gert ráð fyrir tilteknum mönnum, sem njóta hér tollfrelsis. Hafa menn þessir að þessu leyti sömu aðstöðu og erlendir sendimenn og hermenn, er hér dvelja. Meðan herlið dvaldi hér á landi, þótti ástæða til að breyta tollögum í þá átt, að óheimilt væri að kaupa ótollafgreiddar vörur af hermönnum, sbr. lög nr. 13/1941, um viðauka við lög nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Með því að lög þessi eiga aðeins við hermenn, og þau geta því að sjálfsögðu ekki átt við starfslið Bandaríkjanna á flugvælinum, þykir rétt að gera enn viðauka við tollögin og hanna mönnum þessum að eiga viðskipti um vörur, sem þeir hafa fengið tollfrjálsar inn í landið. Refsingin er þó ekki aðeins bundin við þessa menn, heldur og við þá, sem eiga viðskipti við hina nefndu menn, svo sem var skv. lögnum frá 1941. Þá er og heimiluð eignaupptaka eins og var eftir sömu lögum.